



Fundargerð formannafundar GSÍ

Haldinn á Hótel Borgarnesi 8. nóvember 2014

1. Setning

Haukur Örn Birgisson forseti GSÍ setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Haukur Örn var kjörinn fundarstjóri með lófaklappi. Lögmæti fundarins var staðfest þar sem fundurinn var boðaður með mánaðar fyrirvara. Haukur Örn stakk upp á að Hörður Geirsson og Hörður Þorsteinsson önnuðust fundarritun. Var það samþykkt. Að því loknu kynnti Haukur Örn dagskrá fundarins.

2. Skýrsla stjórnar

Haukur Örn kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu þætti í starfsemi GSÍ á síðasta starfsári.

M.a. ræddi hann nýja stefnu golfhreyfingarinnar sem samþykkt var á síðasta Golfþingi. Fram kom að til að hrinda stefnunni í framkvæmd hefði stjórn GSÍ stofnað fimm vinnuhópa sem nú eru að störfum. Á fundinum verður staða mála kynnt, hvað áunnist hefur á síðasta starfsári til að framfylgja stefnunni og hvaða hugmyndir eru uppi varðandi næsta starfsár. Þá ræddi hann erfitt tíðarfar síðasta vetur og vor og þá miklu vinnu sem golfklúbbar þurftu að sinna vegna klakamyndunar. Hann hvatti alla til að gæta þess ef slíkar aðstæður koma upp aftur að tala ekki niður ástand vallanna, slíkt geti auðveldlega dregið úr hvata félagsmanna til að iðka golfið og jafnvel valdið brottfalli úr klúbbunum. GSÍ tók upp þá nýbreytni á síðasta starfsári að halda samráðsfundi með golfklúbbunum, ýmist einstökum klúbbum eða nokkrum klúbbum á sama landssvæði. Haukur taldi þessa fundi hafa heppnast mjög vel og sagði að framhald yrði á þeim. Einnig kom fram að sú stefnubreyting hefur orðið að nefndastarf GSÍ hefur verið opnað þannig að meðlimir fastanefnda koma ekki eingöngu úr stjórn GSÍ. Þá hafa fundargerðir stjórnar verið settar á golf.is. Sem lið í útbreiðslustarfsemi GSÍ voru útbúin nokkur kynningarmyndbönd fyrir íþróttina. Þessi myndbönd voru sýnd á RÚV og má m.a. finna á golf.is. Samið var við RÚV um vikulega golfþætti og beina útsendingu frá Íslandsmótinu í golfi. Að auki var fjallað um úrslit helstu golfmóta í almennum íþróttufréttum RÚV. Í samráði við Karl Ómar Karlsson hefur verið unnið að kennsluriti fyrir barna- og unglíngakennslu. Ritið kemur út núna á næstu vikum. Verkefnið „Skólagolf“ verður endurvakið í vetur. Haukur Örn hvatti golfklúbbana til að skrá yngstu kylfingana í klúbbinn, þ.e. þau börn sem taka þátt í golfnámskeiðum. Slíkt hefur ýmsar jákvæðar afleiðingar, sýnileiki klúbbanna verður meiri, Lottótekjur aukast o.s.frv., án þess að slíkt hafi í för með sér greiðslur til GSÍ í formi félagagjalda.

Haukur Örn fór stuttlega yfir útgáfustarfsemi GSÍ. Hún er þrennskonar, þ.e. útgáfa golfreglnanna (sem næst koma út árið 2016), tímaritið Golf á Íslandi og vefurinn golf.is. Tekjur af útgáfustarfsemi voru 35,5 milljónir á árinu. Þá rifjaði Haukur Örn upp viðburðina Stelpugolf sem haldið var hjá Golfklúbbsi Kópavogs og Garðabæjar og Golfdaga sem haldnir voru í Kringlunni. Hvorutveggja tókst mjög vel.

Afreksmál ollu nokkurri umræðu síðasta vetur í framhaldi af því að Úlfar Jónsson landsliðsþjálfari sagði starfi sínu lausu. Eftir umræður við stjórn GSÍ dró Úlfar uppsögnina til baka. Landsliðin stóðu sig með ágætum. Í afreksstarfinu bar hæst sigur Gísla Sveinbergssonar á Duke of York golfmótinu en hann var þriðji Íslendingurinn til að sigra á mótinu á síðustu fimm árum.

Í kjölfar Golfþings 2013 vann millipinganefnd tillögur að breytingum á mótahaldi. Nefndin náði ekki að ljúka tilætlunum störfum í tíma fyrir síðasta vor en lagði þó til að mótum á Eimskipsmótaröðinni 2014 yrði fjölgað í sjö í stað þess að þeim yrði fækkað í fimm eins og upphaflegar tillögur mótanefndar gerðu ráð fyrir. Stjórn GSÍ samþykkti þessar tillögur og urðu Eimskipsmótin því sjö á síðasta sumri. Þessi tilraun var mjög gagnleg og var t.d. betri þátttaka í fyrstu mótunum en búist hafi



verið við, en lakari í lokmótum sumarsins. Byggt á reynslu síðasta árs, leggur mótanefnd GSI til að Eimskipsmótið verði sex á næsta sumri.

Haukur gerði síðan grein fyrir helstu mótum sumarsins og þakkaði klúbbunum fyrir gott samstarf á árinu. Íslandsmótið í högggleik fór fram á Leirdalsvelli og um leið og Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar voru færðar þakkir fyrir góða framkvæmd afhenti Haukur formanni GKG, Guðmundi Oddssyni, skjöld til minningar um Íslandsmótið 2014.

Rekstrarniðurstaða GSI á síðasta starfsári var í samræmi við áætlanir. Veltan var u.þ.b. 150 milljónir króna og rekstrarafgangur 1,4 milljónir. Stefna sambandsins er að eigið fé þess sé 15-20% af heildarútgjöldum. Þá er það stefna sambandsins að félagagjöld verði ekki hærra en 33% af heildartekjum.

Haukur Örn lauk máli sínu á því að brýnasta verkefni golfhreyfingarinnar sé að koma í veg fyrir fækkun félagsmanna. Á síðustu 10 árum hafa 10.000 kylfingar hætt í íslenskum golfklúbbum, þrátt fyrir að kylfingum á landinu hafi fjölgað. Flestir þessara kylfinga hafa þó ekki hætt golfiðkun. Verkefni golfhreyfingarinnar á næstunni er að ná þessum einstaklingum til baka inn í hreyfinguna.

Í framhaldi af fyrirspurn úr sal útskýrði Haukur Örn að í fjárhagsáætlun næsta árs væri gert ráð fyrir 2,5% fækkun félaga og að það væri áætlað með þeim hætti vegna varfærnisssjónarmiða og þróunar í félagafjölda annarra Evrópuþjóða undanfarin ár.

3. Ársreikningur

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri GSI útskýrði ársreikning sambandsins fyrir starfsárið 2014.

Heildartekjur sambandsins voru rúmar 148 milljónir og rekstrargjöld rúmar 147 milljónir. Eigið fé sambandsins var 22,8 milljónir í lok reikningsárins.

Helsta skýringin á fráviki á gjaldahliðinni er að mótum á Eimskipsmótaröðinni var fjölgað í sjö, samanborið við fimm mót sem reiknað var með í áætlun og að birgðir af bókinni Golf á Íslandi voru gjaldfærðar að fullu á árinu.

Spurt var hvers vegna rekstur útgáfusviðsins er ekki sundurliðaður með skýrari hætti. Fram kom að langstærsti hluti rekstursins er vegna tímaritsins Golf á Íslandi og eins kæmi fram í skýringum hversu hár hlutur launa væri færður á útgáfusvið. Gjaldkeri sagðist ætla að taka til skoðunar ábendingar fundarins um frekari sundurliðanir fyrir næsta ár.

Reikningarnar voru því næst bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri GSI kynnti fjárhagsáætlunina.

Í upphafi kynnti Kristín endurskoðun á stefnumótun fjármála GSI sem núverandi fjárhagsnefnd hefði unnið í framhaldi af stefnumótun sambandsins. Fram kom í máli hennar að stefnt hafi verið að því að eigið fé verði að lágmarki um 15% af heildargjöldum hvers árs, en ákveðið hafi verið að stefna að því að styrkja stöðu sambandsins enn frekar með því að hækka það markmið í 20% af heildargjöldum. Áfram væri stefnt að því að félagagjöld kylfinga til GSI séu hófsöm og hlutfall þeirra af heildartekjum verði markvisst lækkað. Því sé stefnt að því að auka ytri tekjur sambandsins og að fjármálastjórnin verði ávallt skilvirk.

Gert er ráð fyrir að tekjur sambandsins verðir um 155 milljónir, samanborið við 148 milljónir á síðasta starfsári. Aukningin komi aðallega í gegnum miðla GSI og samstarfsaðila. Þá er miðað við að félagagjöld til GSI hækki úr 4.200 krónum í 4.400 krónur, auk 100 kr. í grasvallasjóð. Gert er ráð fyrir



að gjöld sambandsins verði rúmar 153 milljónir, samanborið við rúmar 147 milljónir á síðasta starfsári. Rekstrarafgangur verði tæpar 2 milljónir.

Í umræðu um fjárhagsáætlun kom fram athugasemd um að leggja þyrfti áherslu á að auka framlegð af útgáfusviði, þ.á m. með því að auka rafræna útgáfu, eða með öðrum hætti.

5. Önnur mál

Mótamál og mótaskráin 2015

Gylfi Kristinsson og Jón Júlíus Karlsson fóru yfir mótamál sambandsins.

Þeir lýstu starfi millipinganefndarinnar sem skipuð var að loknu Golfþingi á síðasta ári og tillögum sem nefndin skilaði til stjórnar GSÍ. Af ýmsum ástæðum komust sumar tillagnanna ekki til framkvæmda á síðasta sumri en þó var mótum á Eimskipsmótaröðinni fjölgað úr fimm í sjö.

Mótanefnd GSÍ leggur til að Eimskipsmótin verði sex á næsta sumri og að hámarksfjöldi keppenda á Eimskipsmótaröðinni verði lækkaður úr 144 í 84. Þetta byggist m.a. á því að meðalfjöldi í mótunum hefur verið u.þ.b. 80-90 á síðustu árum. Íslandsmótið í golfi verður þó undanskilið þannig að hámarksfjöldi þar verði áfram 150 í samræmi við núverandi reglugerð.

Þá ræddu þeir félagar hugmyndir sem eru í vinnslu um leiðir til að efla Eimskipsmótaröðina.

Í umræðum um mótamál sambandsins var spurt hvers vegna miðað væri við hámarksfjöldi væri 84 keppendur. Í svari Gylfa kom fram að það hefði verið skýr vilji stærri klúbbanna að minnka mótin þannig og fækka keppendum til að hægt væri að opna vellina fyrr fyrir almenna félaga á keppnisdögum.

Nokkur umræða skapaðist meðal fundarmanna um fjölda móta á Eimskipsmótaröðinni, skörun við mót á Íslandsbankamótaröðinni og hámarksfjölda keppenda á Eimskipsmótum.

Fram kom það sjónarmið að ekki væri skynsamlegt að fastsetja hámarksfjölda keppenda en að mótanefnd gæti komið til móts við hvern klúbb fyrir sig. Þannig gætu þeir klúbbar sem vilja hafa sem flesta keppendur haft hámarksfjöldann 144 en aðrir gætu haft færri keppendur.

Jón Pétur formaður GR kom fram með þá tillögu að fækka mætti keppendum í Íslandsmótinu í golfi og halda samhliða Íslandsmótinu Íslandsmót eldri kylfinga og Íslandsmót 35 ára og eldri.

Þá var mótanefndin hvött til að fyrirbyggja að mót séu haldin um sömu helgi bæði á Eimskipsmótaröðinni og Íslandsbankamótaröðinni. Sömu leiðis eigi að forðast að halda mót á Eimskipsmótaröðinni á sama tíma og landsliðskylfingar eru í verkefnum erlendis.

Gerð var athugasemd við drög að mótaskrá þar sem gert er ráð fyrir að sveitakeppni eldri kylfinga í 1. deild karla verði haldin á Hólmsvelli þar sem keppnin var á síðasta ári.

Gylfi þakkaði fundarmönnum fyrir góðar ábendingar og sagði þær gott innlegg í þá vinnu mótanefndar að ganga frá endanlegri mótaskrá fyrir árið 2015.

Stigskipting golfvalla

Theodór Kristjánsson lýsti hugmyndum um að stigskipta golfvöllum og umhverfi þeirra, setja kvarða og leiðbeiningar um lágmarksviðmið þeirra og að setja íþróttaleg markmið um fjölbreytni í lengd og erfiðleikastigi vallanna.

Tilgangurinn sé að auka gæði móta okkar fremstu kylfinga og að auðvelda samskipti golfklúbba við sveitarfélög, íþróttabandalög og GSÍ. Með því móti megi auðvelda hreyfingunni að sækja aukið fé til opinberra aðila til uppbyggingar á golfvallasvæðum. Þá gerði hann grein fyrir reglum KSÍ um leyfiskerfi þeirra um knattspyrnuvelli og þá samninga sem þeir hefðu náð gagnvart opinberum



aðilum. Hvatti hann stjórn GSÍ til að beita sér fyrir sambærilegum samningum við opinbera aðila og knattspyrnumenn hefðu náð í.

Fyrirtækjklúbbar og -samningar

Haukur Örn Birgisson ræddi fyrirkomulag svokallaðra fyrirtækjklúbba, í framhaldi af umræðum sem skipast hafa á samráðsfundum GSÍ með forráðamönnum golfklúbba.

Í dag eru 16.602 kylfingar skráðir í golfklúbba með aðild að GSÍ, af þeim rúmlega 58 þúsund kylfingum sem áætlað er að leiki golf einu sinni eða oftár árlega. Af þessum hópi eru 32.800 sem leika golf fimm sinnum eða oftár á ári, samkvæmt sömu könnun sem gerð var af Capacent fyrir GSÍ. Því má áætla að einungis helmingur þeirra sem leika golf fimm sinnum eða oftár árlega, sé með félagsaðild að golfklúbba.

Fyrirtækjklúbbum hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Ýmsar spurningar hafa vaknað í framhaldi af þessari þróun. Geta kylfingar fengið ódýrari aðgang að golfíþróttinni með því að vera einungis í fyrirtækjklúbbum eða hefur þessi þróun verið jákvæð fyrir golfhreyfinguna?

Fyrirkomulag þessara fyrirtækjklúbba er ólíkt. Stundum fylgir þeim aðild að golfklúbba innan GSÍ, stundum fylgir ótakmarkað spil o.s.frv. Haukur fór yfir þá valkosti sem eru í boði og hvað boðið væri uppá í hinum ýmsu fyrirtækjklúbbum s.s. afslættir af vallargjöldum. Þá nefndi hann jafnframt aðra möguleika að félagsaðild eins og fjaraðild að golfklúbbum, Golfklúbbinn Teig og Golfkortið.

Hlynur Geir Hjartarson, framkvæmdastjóri GOS, lýsti þessu næst samningi GOS við golfklúbb starfsmannafélags Íslandsbanka, tilurð hans og afleiðingum. Að hans mati hefur samningurinn haft mjög jákvæð áhrif fyrir GOS og lýsti í hverju það fólst.

Líflegar umræður urðu um erindi Hauks og Hlyns. Erindi Hauks er aðgengilegt á vefnum golf.is.

Stefna golfhreyfingarinnar 2013 - 2020

Hörður Þorsteinsson kynnti þá vinnu sem hefur farið fram eftir samþykkt stefnumótunar golfhreyfingarinnar 2013 - 2020 á síðasta golfþingi. Stofnaðir hafa verið vinnuhópar sem sinna hugmyndavinnu, framkvæmd og eftirfylgni einstakra markmiða. Hörður ítrekaði að þátttaka í vinnuhópnum sé öllum opin og hvatti fundarmenn til að taka þátt í þessari vinnu. Unnið væri með verkefnakerfið Trello og væri búið að setja upp markmið og leiðir í kerfinu og síðan væri það verkefni hópanna að vinna með stefnumótunina og meta leiðir og verkefni að settum markmiðum.

Þá kynnti Hörður vinnu í hópnum sem fylgir eftir markmiðinu „Stuðla að því að golfklúbbar landsins gangi í gegnum umhverfivottun“.

Að lokinni kynningu Harðar kynntu eftirtaldir hópstjórar verkefni sem þeir eru í forsvari fyrir:

- Jón Júlíus Karlsson - Vinna að framgangi og tryggja útbreiðslu íþróttarinnar
- Gylfi Kristinsson - Efla samskipti innan golfhreyfingarinnar
- Bergþóra Sigmundsdóttir - Efla barna- og unglíngastarf, auka vægi fjölskyldunnar
- Úlfar Jónsson - Styðja við íþróttina sem afreksíþrótt

Uppsetning golfvalla og teigamerkingar

Haukur Örn Birgisson flutti stutta hugleiðingu um uppsetningu valla, hugmyndafræðina á bak við karla- og kvennateiga og viðhorfin sem fylgja ólíkum teigum.



Að hans mati eru karlar of fastir í því að leika af gulum teigum og forgjafarhærri karlar leika ekki af rauðum teigum þótt þeir séu heppilegastir miðað við getustig, vegna þess að rauðir teigar séu kallaðir kvennateigar. Þetta sé sérstakt umhugsunarefni þar sem meðalforgjöf karla er u.þ.b. 19.

Meginmarkmiðið sé að kylfingar hafi meiri ánægju af því að leika golf. Þetta hafi sérstakt gildi í hæstu forgjafarflokkum þar sem mesta brottfallið er. Haukur kynnti með hvaða hætti t.d. Svíar hefðu nálgast þetta vandamál og að þeir hefðu tekið upp teigamerkingar þar sem hvert teigasett er númerað eftir lengd vallar af viðkomandi teig. Mjög jákvæðar umræður urðu um þessar hugmyndir og voru fundarmenn áhugasamir um að skoða sambærilegar lausnir og fram komu í erindinu.

Haukur Örn lagði fram eftirfarandi ályktunartillögu:

Formannafundur Golfsambands Íslands, haldinn í Borgarnesi 8. nóvember 2014, felur stjórn Golfsambands Íslands að hefja innleiðingu á breytingum á teigasettum, í samstarfi við klúbba, með það að markmiði að teigar endurspegli getu kylfingar í stað kynferðis. Jafnframt er markmiðið að auka ánægju kylfinga af golfleik sínum og bæta leikhraða.

Lagt er til að árangur vinnunnar verði kynntur á Golfþingi 2015 þar sem fyrir liggja athugun á upplifun kylfinga og klúbba af þessum breytingum.

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

golf.is

Hörður Þorsteinsson kynnti stuttlega nýjustu breytingar sem gerðar hafa verið á golf.is þar má helst nefna:

- Öll umsýsla með félagamönnum var færð úr Felix, félagakerfi ÍSÍ, yfir á golf.is
- Eftirlitskerfi hefur verið útbúið með tengingu við rásskráningarkerfið.
- Í mótakerfinu hefur forgjafarleiðréttingu verið breytt úr CSA í CBA, skráning verið endurbætt og mótshópar lagfærðir.
- Fleiri skýrslur hafa verið útbúnar í forgjafarkerfinu, hægt er að prenta forgjafarskírteini á íslensku og ensku og staðfesting forgjafarhringja hefur verið endurbætt.
- Unnið er að útgáfu á appi fyrir snjallsíma þar sem hægt verður að skrá rástíma og þátttöku í mótum.

Þá nefndi Hörður að stefnt sé að því að engar meiriháttar breytingar verði innleiddar á kerfinu yfir hásumarið.

Nokkrar fyrirspurnir bárust frá fundarmönnum og m.a. var nefnt að útbúa þurfi kennslufni um notkun kerfisins áður en breytingar eru innleiddar. Stungið var upp á því að gera stutt YouTube myndbönd um helstu nýjungar og breytingar í kerfinu. Þá var GSÍ hvatt til þess að senda út tilkynningar um væntanlegar breytingar á kerfinu áður en þær eru innleiddar, svo fyrirvarsmenn klúbbanna séu undirbúnir þegar breytingar taka gildi.

Að loknu erindi Harðar um golf.is, opnaði fundarstjóri fyrir umræður um önnur mál. Ekki komu fram óskir um það og að því loknu þakkaði Haukur Örn Birgisson fundarmönnum fyrir uppbyggilegar og gagnlegar umræður og sleit fundinum.

Sextíu og níu fulltrúar mætu til fundarins, fulltrúar þrjátíu og þriggja klúbba auk stjórnarmanna og starfsmanna GSÍ.

Hörður Geirsson

Hörður Þorsteinsson